

Mánudaginn 1. marz 1937.

Nr. 44/1936. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Theódór B. Lindal)

gegn

Aage R. Schiöth

(Garðar Þorsteinsson).

Lyfsali sýknaður af ákæru fyrir brot gegn 13. kap. hegningarlaganna, áfengislöggjöfinni og lyfsöluskránni.

Dómur lögregluréttar Siglufjarðar 28. jan. 1936: Kærður, Aage Schiöth, lyfsali Siglufirði, greiði 500 kr. sekt í ríkissjóð, en ef sektin greiðist ekki innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa, komi í stað sektarinnar 25 daga einfalt fangelsi, en að öðru leyti sé kærður sýkn af frekari kröfum valdstjórnarinnar í þessu máli.

Kærður greiði og allan af málinu leiðandi kostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir því sem undirréttarstefnan í máli þessu, dags. 16. marz 1935, er orðuð, er ákærðum gefið það að sök, að hann hafi „brotið áfengislöggjöfina og gildandi lyfjaskrá með því að selja ólöglega og of dýra anisbrjóststaft, chinabrjóstsaft og kaneldropa úr lyfjabúð sinni á Siglufirði án áfengislyfseðils“ og er mál þetta á þessum grundvelli höfðað á hendur honum af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot gegn 13. kap. hegningarlaganna, lögum nr. 69 frá 1928, lögum nr. 64 frá 1930, reglugerð frá 31. desember 1930 (nr. 95/1931) svo og fyrir brot á lyfsöluskránni.

Lögin nr. 69 frá 1928, um einkasölu á áfengi, veita ríkisstjórninni einni heimild til að flytja hingað frá útlöndum áfengi og vinanda, sem heim-

ilt er að flytja til landsins og í er meira en $2\frac{1}{4}\%$ af vinanda að rúmmáli og fjalla að öðru leyti um fyrirkomulag áfengisverzlunar ríkisins. Lög þessi snerta hinsvegar á engan hátt framangreint sakar efni (sölu fyrrgreindra lyfjablandna), en um það hefir rannsókn máls þessa snúizt eingöngu, en ekki hitt, hvort ákærður hafi með innflutningi á þessum og svipuðum lyfjablöndum brotið ákvæði laganna um áfengisinnflutning. Verður ákærður því ekki í þessu máli sakfelldur fyrir brot á nefndum lögum.

Í máli þessu er það sannað með eigin játningu ákærðs og öðrum gögnum, að í lyfjabúð hans hafi sama manni í einu verið án lyfseðils seld 500 gr. af anisbrjóstsaft. Á sama hátt er sannað, að öðrum manni hafi með sama hætti verið seld 250 gr. af chinabryjóstsaft og enn öðrum 125 gr. af kanel-dropum. Enda er viðurkennt, að blöndur þessar hafi með svipuðum hætti verið seldar í lyfjabúð ákærðs hverjum, sem hafa vildi, öðrum en ölvuðum mönnum. Anisbrjóstsaftina er upplýst að ákærði hafi selt í 125 eða 250 gr. glösum og hafi verðið á hverju glasi verið kr. 2.50 fyrir minni glösin en kr. 5.00 fyrir þau stærri. Áfengisstyrkleikinn í þessum lyfjablöndum hefir reynzt: í anisbrjóstsaft ca. 32%, í chinabryjóstsaft ca. 30% og í kaneldropum 83% eftir rúmmáli. Telur ákærði, að sér hafi verið heimilt að selja lyfjablöndur þessar án lyfseðils, þar sem þær hafi fallið undir „aðrar þesskonar blöndur, sem áfengi er í“ samkvæmt 2. lið 2. gr. reglugerðar um sölu áfengis til lækninga nr. 95/1931.

Allar umræddar lyfjablöndur voru samsettar, auk vinandans, úr ýmsum efnum, sem öll voru lögmælt á gildandi lyfjaskrá. Ennfremur er notk-

un þeirra sem lyfja all algeng. Að því er anisbrjóstsaftina snertir, en um hana hefir rannsókn málsins að længmestu leyti snúizt, kemur það fram, að nafngreindur læknir hafi notað hana mikið handa sjúklingum sínum, samsetta á sama hátt og anisbrjóstsaft þá, sem ákærði seldi, og talið hana ágætt lyf. Þá er hún í bréfi Lyfsalafélags Íslands til dómsmálaráðuneytisins, dags. 25. júlí 1934, talin gott hóstameðal. Og loks virðist landlækni ekkert hafa þótt athugasvert við sölu hennar sem lyfs um nokkurt skeið, því að í bréfi, dags. 5. des. 1932, skýrir ákærður honum frá sölunni, en ekki verður séð, að landlæknir hafi hreyft neinum athugasemdum gegn henni fyrr en allöngu síðar.

Í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 64 frá 1930 er lögð refsing við því, ef lyfsalar og þjónar þeirra nota aðstöðu sína til þess að útvega eða afhenda mönnum áfengi til neyzlu. Í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 95 frá 1931 er skýrt, hvað átt sé við með „ómenguðu áfengi“ (Áfengi eða áfeng lyf sbr. 21. gr. nefndra laga) en í 1. til 3. tölulið greinarinnar eru tilgreindar all margar undantekningar, aðallega lyfjablöndur, sem taldar eru „mengað áfengi“. Í öðrum tölulið eru m. a. nefndar: Extract fluida, Liqvor pectoralis, Vinum chinae ferratum og aðrar þesskonar blöndur, sem áfengi er í. Upplýst er, að áfengisstyrkleikinn í Liqvor pectoralis er ca. 25% eftir rúmmáli, og er því auðsætt, að vegna áfengismagnsins mætti misnota lyf þetta til nautnar. Liggur því næst að skilja orðin „aðrar þesskonar blöndur, sem áfengi er í“ á þá leið, að með þeim sé átt við og lögð áherzla á lyffræðilega samsetningu og verkanir lyfjablandna þeirra, sem undir þetta ákvæði eiga að falla en ekki áfengismagn þeirra. Eins og áður

er drepið á, eru lyfjablöndur þær, sem ákærðum er gefið að sök að hafa selt, all algeng lyf, og ekki hefir annað komið fram, en að aðalverkandi efni þeirra séu önnur en vinandinn. Um anisbrjóstsaftina liggur það álit fyrir frá Lyfsalafélagi Íslands, að hún falli undir nefnt ákvæði. En um chinabryóstsaftina hlýtur að gegna sama máli og um anisbryóstsaftina, þar sem þessar blöndur eru eins saman settar að öðru leyti en því, að sú fyrrnefnda er með nokkrum aukaefnum, sem ekki eru í hinni síðari. Þá hafa tveir nafngreindir lækna látið uppi þá skoðun sína, að þeir telji allar þrjár lyfjablöndurnar falla undir ákvæðið. Loks virðist, að nú sé heimilt að selja án áfengislyfseðils samskonar lyfjablöndur (Tincturae) og um ræðir í máli þessu, samkv. ákvæðum reglugerðar um sölu áfengis til lækninga nr. 38. frá 1935, þó með þeirri takmörkun, að ekki má láta úti af þeim í einu nema tiltekinn hámarksskammt.

Að öll þessu athuguðu litur rétturinn svo á, að lyfjablöndur þær, anisbryóstsaft, chinabryóstsaft og kaneldropar, sem ákærður seldi, hafi fallið undir ákvæði 2. tölul. 2. gr. reglugerðar nr. 95 frá 1931 og hafi ákærðum því verið heimilt að láta þær af hendi án áfengislyfseðils. Þá verður eigi, eftir því sem fram hefir komið við rannsókn máls þessa, litið svo á, að ákærður hafi selt lyfjablöndur þessar með þeim hætti, að honum hafi hlotið að vera það ljóst, að kaupendurnir mundu nota þær til nautnar. Verður því eigi séð, að ákærður með sölu þeirra hafi gerzt brotlegur við lög nr. 64 frá 1930 eða reglugerð nr. 95 frá 1931, eins og honum er að sök gefið, eða önnur lagaákvæði.

Kemur þá til athugunar, hvort ákærður hafi brot-

ið lyfsöluskrána með því að selja anisbrjóstsaf-
tina of dýru verði. Undir rannsókn málsins hefir
Lyfsalafélag Íslands látið uppi það álit sitt, að verð
á 250 gr. af anisbrjóstsaft ætti að vera ca. kr. 2.55
(glasið innifalið), en ákærður seldi þetta magn á
kr. 5.00. Heldur ákærður því fram, að lyfsöluskrá-
in, sem gildi, er sala sú átti sér stað, sem honum er
gefin að sök, hafi eingöngu tekið til lyfja, er seld
hafi verið samkvæmt lyfseðli. Honum hafi því
verið heimilt að selja anisbrjóstsaftina í lausasölu
fyrir það verð, sem hann gerði.

Í umræddri lyfsöluskrá er ekki tekið fram, að
verð það, er hún ákveður, skuli taka til lyfja, sem
seld eru í lausasölu, og eftir eðli málsins er ekki
hægt að ganga út frá því, að verðlag lyfja í slíkri
sölu skuli fara eftir henni. Í síðari lyfsöluskrá er
það hinsvegar beinlínis tekið fram, að þegar lyf
séu seld í lausasölu þ. e. án lyfseðils, megi ekki
selja þau hærra verði en ákveðið sé í þeirri skrá.
Þykir af þessum ástæðum ekki nægilega sýnt fram
á, að lyfsöluskrá sú, sem gildi, er kaup þessi fóru
fram, hafi átt við frjálsa sölu, enda er þess að
gæta, að slík ákvæði um hámarksverð eru undan-
tekingarákvæði, sem skýra verður þröngt. Ber því
einnig að sýkna ákærðan af umræddu kæruatriði.

Þar sem ákærður er ekki sakfelldur fyrir neitt
þeirra atriða, sem honum eru gefin að sök, kemur
ekki til álita í þessu máli, hvort hann sé sýslunar-
maður og hafi sem slíkur gerzt brotlegur við 13.
kap. hegningarlaganna.

Verður ákærður því algerlega sýknaður af ákær-
um réttvísinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu
og ber eftir þeim málalokum að dæma ríkissjóð til
að greiða allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir

hæstarétti, þar með talin málflutningslaun til skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 200 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómarinn hefir í stefnu málsins aðeins talið málið höfðað af valdstjórnarinnar hálfu, enda þótt meðal annars sé stefnt fyrir brot gegn 13. kap. hegningarlaganna, svo og það að málið er nefnt valdstjórnin en ekki réttvisin og valdstjórnin gegn ákærðum.

Því dæmist rétt vera:

Ákærður, Aage R. Schiöth, skal vera sýkn af ákærum réttvisinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu. Sakarkostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti greiðist úr rikissjóði, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Theódórs B. Lindal og Garðars Þorsteinssonar, 200 krónur til hvors.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af valdstjórnarinnar hálfu með stefnu, dags. 9. nóvember 1934, gegn kærðum Aage Schiöth, lyfsala, Siglufirði, til refsingar fyrir að hafa brotið áfengislöggjöfina og þágildandi lyfjaskrá með því að selja ólöglega og of dýra anisbrjóstsaft og chinabryjóstsaft og kaneldropa úr lyfjabúð sinni, og með framhaldsstefnu, dags. 16. marz 1935, er kærðum samkv. kröfu dómsmálastjórnarinnar stefnt til refsingar fyrir með þessu að hafa gerzt brotlegur gegn 13. kafla (sic) refsilaganna, lögum nr. 69/1928 og 64/1930, reglugjörð 95/1930 um sölu áfengis til lækninga og lyfjasöluskránni, þ. e. a. s. lyfjaskránni, lyfjagjaldskránni, og til málskostnaðargreiðslu.

Kærður hefir kannazt við að hafa selt anisbrjóstsaft

í glösum á 125 gr. og 250 gr., allt að 500 gr. í einu til sama manns og fyrir 5 kr. 250 gr. glas og chinabróstsaftr allt að 250 gr. í einu til sama manns og kaneldropa allt að 125 gr., í einu til sama manns, en hann kveður sér slíkt hafa verið heimilt, þar sem þessar áfengisblöndur séu samskonar og þær blöndur, er reglugerð um sölu áfengis til lækninga 95/1930 heimili í 2. gr. 2. lið, að selja megi án lyfseðils, en téður liður 2. gr. reglugjörðarinnar hljóðar svo: „Extrakt fluida, Liquor pectoralis vinum chinae ferratum og aðrar þesskonar blöndur, sem áfengi er í“. Áfengisblöndur þær, sem hann sé kærður fyrir að hafa selt, séu lyffræðilega skoðað „aðrar þesskonar blöndur, sem áfengi er í“, þótt þær séu það ekki eingöngu áfengislega séð, því að hann viðurkennir, að þær hafi meira áfengismagn til-
tölulega að rúmmáli en blöndur þær, er fyrrgreindur 2. liður 2. gr. reglugjörðarinnar greinir. Heldur hann því fram, að skilja beri orðin: „aðrar þesskonar blöndur“ lyffræðilega, með öðrum orðum, sé þar átt við, „þesskonar blöndur“ lyffræðilega séð. Hafi sér því verið alfrjálst að selja þær og afhenda án lyfseðils eða án áfengislyfseðils. Hann hafi selt þessar blöndur eða brjóstsaftr opinskátt og í góðri trú, hverjum, er ódrukkinn var, og á engan hátt dregið dul á sölu þeirra, eins og hann mundi hafa gert, ef hann hefði talið sig selja þær ólöglega. Lyfsalafélag Íslands hefir og gefið út álitsskjal, þar sem það telur anisbrjóstsaftr heyra undir „aðrar þesskonar blöndur, sem áfengi er í“ í 2. lið 2. gr. reglugjörðar 95/1930, án þess að rökstyðja það nánar, og 2 læknar hafa vottað, að þeir telji ekki ofangreindar blöndur, sem kærðum er gefið að sök að hafa selt, ómengað áfengi, er aðeins megi afhenda eftir áfengislyfseðli, án þess þeir rökstyðji það nánar.

Það liggur í augum uppi, að með reglugjörð 95/1930 um sölu áfengis til lækninga er tilgangurinn að koma í veg fyrir misnotkun áfengisblandna. Reglugjörðin gerir þetta sumpart með því í 1. og 3. lið 2. gr. að leyfa ákveðnar áfengisblöndur, sumpart í 2. lið að telja upp nokkrar blöndur sérstaklega og, þar sem sú talning verður ekki tæmandi, að leyfa „aðrar þesskonar blöndur, sem áfengi er í“. Hlýtur því að vera átt við aðrar þesskonar blöndur, er að áfengismagni og óhæfni til áfengisnautnar megi setja í flokk með þeim blöndum, er 2. liður hefir sérstaklega til-

greint. Orðin „þess konar“ eru ekki tilvísun til svipaðra lyffræðilegra lyfja, heldur til svipaðra áfengislyfja. Nú viðurkennir kærður, að anisbrjóstsaft, chinabrjóstsaft og kaneldropar hafi miklu meira hlutfallslegt áfengismagn að rúmmáli en blöndur þær, er 2. liður nefnir sérstaklega, og geta þær því eigi sem áfengisblöndur kallast „aðrar þess konar blöndur“, þær eru frá áfengissjónarmiði ekki „þess konar blöndur“ og geta því ekki fallið inn undir orðin í 2. lið. Það er því óleyfilegt að selja þær, nema gegn áfengislyfseðli, og sala kærða því brot á téðri reglugjörð, um sölu áfengis til lækninga (95/1930), og þá um leið á lögum 64/1930 21. gr 2. lið, en hinsvegar verður eigi talið, að kærður hafi með þessu brotið lög 69/1928, eins og honum er stefnt til ábyrgðar fyrir, því það var aðeins áfengislyfseðlinn, sem vantaði til þess að afhending þessara áfengisblandna væri lögleg. Þar sem aftur á móti aðeins mátti afhenda blöndur þessar eftir áfengislyfseðli, en kærður selt 250 gr. af anisbrjóstsaft á kr. 5.00, en viðurkennir, að rétta verðið væri kr. 2.55, ef þær mættu aðeins seljast eftir áfengislyfseðli og féllu þaraleiðandi undir lyfsöluskrána, lyfjagjaldskrána, verður að telja, að kærður með þessu hafi líka brotið lyfjaskrána, þ. e. a. s. lyfjagjaldskrána.

Af hálfu ákærvaldsins hefir verið lögð áherzla á, að sakborning bæri að skoða sem opinberan sýslunar- og embættismann og að brot hans heyrði undir 13. kafla refsilaganna sem sýslunar- eða embættisbrot. Hefir í því sambandi verið bent á, að lyfsalar þurfi að fá leyfi ríkisvaldsins til þess að reka lyfsölu, að lyfsalar vinni eið að því að starfa lögum samkvæmt, lyfsalar þurfi að fullnægja sérstökum þekkingarskilyrðum o. s. frv. Um þessi atriði má segja, að þau geri það eðlilegt, að refsilöggjöfin tæki til lyfsala sem opinberra sýslunarmanna, og einkum vegna mikilvægi starfs þeirra fyrir þjóðfélagið, en án sérstakrar heimildar í refsilöggjöfinni eða skýlausra ákvæða annarra laga verður að telja óheimilt að refsa þeim sem opinberum sýslunarmönnum fyrir brot í starfi þeirra. Lyfsölustarfið er að lögum einkaátvinnurekstur eins og starf löggiltra embættislausra starfandi lækna, sem líka er eigi siður mikilvægt fyrir þjóðfélagið og sem bæði þurfa leyfi ríkisvaldsins til starfans og verða að vinna eið að starfi

sínu. En einkum virðist óheimilt að refsalyfsölum sem opinberum sýslunarmönnum skv. 13. kafla refsilaganna, er athugað er hið sögulega samband refsilaga vorra við dönsku refsilögin frá 1866, sem isl. refsilögin eru að mestu aðeins þýðing af. Í athugasemdum við danska lagafrumvarpið var það berum orðum tekið fram, að lyfsalar teldust ekki til opinberra sýslunarmanna. Sameining lyfsölustarfsins á Íslandi í fyrstu við landlæknisstarfið er þýðingarlaust í þessu sambandi. Það verður því að teljast óheimilt samkv. isl. refsilöggjöf að telja sakhæfi lyfsala sem opinberra sýslunarmanna, enda þótt full ástæða væri til að refsilöggjöfinni yrði breytt í það horf, og ber því að sýkna kærðan af kröfum ákærvaldsins fyrir brot á 13. kafla refsilaganna.

Kærður, sem áður hefir eigi sætt refsingu af hálfu þess opinbera, nema 20 kr. sekt fyrir helgidagsbrot, hefir samkv. framangreindu gerzt brotlegur gegn reglugjörð 95/1930 um sölu áfengis til lækninga, gegn áfengislögunum, 64/1930, 21. gr. 2. lið og þágildandi lyfsöluskrá (lyfjagjaldskrá) og virðist refsing hæfilega ákveðin 500 kr. sekt í rikissjóð og komi í stað sektarinnar 25 daga einfalt fangelsi, ef sektin greiðist ekki innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði og kærður allan af máli þessu leiðandi kostnað.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus.

Miðvikudaginn 3. marz 1937.

Nr. 122/1936. **Eggert Claessen f. h. Poul Salomonsen** (Eggert Claessen)

gegn

Gísla Vilhjálmsyni og gagnsök

(Jón Ásbjörnsson).

Héraðsdómari neitaði aðilja ranglega um frest í máli, og kvað síðan upp efnisdóm í málinu.